

Öl, átök og orrusta orða

Leikhópurinn Barflugur frumsýnir í kvöld í samvinnu við Leikfélag Reykjavíkur Bar Par eftir breska leikritaskáldið Jim Cartwright í Veitingastofu Borgarleikhússins. **Orri Páll Ormarsson** brá sér á barinn og andaði að sér andrúmsloftinu.

KYNLEGIR kvistir stinga við stafni. Öl í krús, eldur í æðum og augu á stilkum. Togstreyta, tár og taumlaus gleði. Lifað er fyrir líðandi stund.

Þannig er stemningin á ónefndri ölkrá sem leikritaskáldið Jim Cartwright gerir að vettvangi verks síns, Bar Par, sem frumsýnt verður í Veitingastofu Borgarleikhússins í kvöld. Þýðandi er Guðrún Bachmann.

Paríð sem rekur barinn er í brenni-depli en inn í frásögnina fléttast margir kostulegir viðskiptavinir. Glatt er á hjalla og meinfyndin orrusta orða geisar á hrjúfu yfirborðinu en víða er stutt í kvikuna og skerandi sársaukann.

„Bar Par fjallar fyrst og fremst um manneskjur — samskipti þeirra, gleði og sorgir,“ segir Helga E. Jónsdóttir leikstjóri. „Undirtóninn er alvarlegur en höfundurinn skreytir verkið með ýmsum kostulegum persónum. Þetta er eiginlega bæði hugljúft og átakanlegt verk.“

Bar Par sló á líðnum vetri sýningarmet hjá Leikfélagi Akureyrar og önnur verk Cartwrights, Stræti og Taktu lagði Lóa, hafa notið mikilla vinsælda í Þjóðleikhúsinu.

Öll fjalla þau um daglegt amstur alþýðunnar, sigra hennar og skakkaföll.

Litrík mynd

„Þessi höfundur virðist höfða til Íslendinga,“ segir Guðmundur Ólafsson en þau Saga Jónsdóttir, sem jafnframt var helsti hvatamaðurinn að uppfærslunni, skipta með sér öllum hlutverkunum í sýningunni. Telur hann skýringuna einkum felast í því hvað viðfangsefni Cartwrights standi fólki nærri. „Cartwright fjallar um venjulegt fólk en dregur upp mjög skemmtilega og litríka mynd af lífi þess.“

Jón Þórisson, sem hannar búa-inga, leikmynd og gervi, tekur upp þráðinn: „Sumir karakterarnir í Bar Par eru vissulega ýktir en hefur maður ekki séð þá alla einhvers staðar,“ og Helga bætir við að ýkjurnar séu hluti af leiknum. „Við förum ekki fram úr raunveruleikanum og þegar öllu er á botninn hvolft er þetta ekki svo framandi fólk. Manneskjurnar á bak við alla þessa karakterana eru raunverulegar.“

Öllu gamni fylgir alvara og Jón segir að Cartwright fjalli öðrum þræði um sorglega hluti í verkum



SAGA Jónsdóttir og Guðmundur Ólafsson skipta oft sinnis um ham í Bar Pari.

sínum. Hann velti sér hins vegar ekki upp úr þeim en dragi þess í stað upp myndir og láti áhorfandanum eftir að taka afstöðu.

Bar Par er skrifað fyrir tvo leikara en hlutverkin eru fjórtán. „Það er vel hægt að hugsa sér að þessi fjórtán hlutverk séu leikin af jafn mörgum leikurum,“ segir Helga, „en það er hins vegar meira spennandi að hafa bara tvo; þá þurfa þeir að hoppa úr einu hlutverkinu í annað á svipstundu. Það krefst þó mikillar vinnu, tækni og einbeitingar að gera þetta með þessum hætti, svo ekki sé talað um snör handtök meðan á sýningunni stendur.“


Leikararnir taka í sama streng en segjast engu að síður hafa æft

verkið á hefðbundinn hátt. „Þetta hefur verið óskaplega skemmtilegt og við fáum úr miklu að móða. Það er ekki á hverjum degi sem maður fær tækifæri til að leika svona margar persónur í sömu uppfærslunni,“ segir Guðmundur.

Kjörinn vettvangur

Jón segir að Cartwright geri ráð fyrir lágmarks umgjörð: Tveimur stólum, borði og fábrotum búningum og Saga bætir við að í raun sé hægt að færa leikritið upp hvar sem er. Veitingastofan hafi hins vegar verið kjörinn vettvangur.

Veitingastofan er í kjallara Borgarleikhússins og hefur ekki í annan tíma þjónað sem leiksvið. Stofunni var breytt úr kokteilbar



Morgunblaðið/Ásdís

í ölkrá af þessu tilefni og aðrar smávægilegar breytingar gerðar. Lárus Björnsson var síðan fenginn til að hanna lýsingu og þar með var ekkert að vanbúnaði. Leikararnir una hag sínum vel í Veitingastofunni og líta á það sem áskorun að bregða sér úr úr hinu verndaða umhverfi leiksviðsins.

Fjórmenningarnir leggja áherslu á, að Bar Par sé leiksýning í fullri lengd þótt umgjörðin sé óhefðbundin. Veitingar verði á boðstólum á sýningum og ekki sé loku fyrir það skotið að kraftar áhorfenda verði virkjaðir í leiknum. Og Saga er með markmiðið á hreinu: „Þetta er umfram allt hugsað sem skemmtileg kvöldstund.“

Sýningar á byggingarlist og samtímamyndlist verða opnaðar í dag á Kjarvalsstöðum

Einskonar hversdagsrómantík

Í DAG verða opnaðar tvær sýningar á Kjarvalsstöðum. Einskonar hversdagsrómantík er titill sýningar á samtímalist sem Auður Ólafsdóttir listfræðingur setti saman fyrir Kjarvalsstaði. Á sýninguna hefur hún valið verk 16 myndlistarmanna, sem teljast til yngstu kynslóðar íslenskra myndlistarmanna. Markmið sýningarinnar er meðal annars það að gera sýnilegar þær áherslubreytingar sem orðið hafa í myndlistarheiminum á undanföllum misserum og eru í deigluinni, eins og Auður segir í inngangi í sýningararkrú.

Ráðning sýningarstjóra til að hanna sýningu á Listasafninu er nýjung að sögn Auðar og má segja að þar séu Kjarvalsstaðir að fara að dæmi listasafna erlendis þar sem slíkt fyrirkomulag á uppsetningu sýninga er algengt. „Ég sé um flest það sem snýr að mótun sýningarinnar. Ég hanna hugmyndina, vel listamennina og sé um að allt gangi




EINAR Sveinsson arkitekt.

upp eins vel og hægt er. Ég vona að það verði framhald á þessu fyrirkomulagi hjá safninu,“ sagði Auður þegar Morgunblaðið ræddi við hana.

Hún sagðist snemma hafa fengið þá hugmynd að einbeita sér að yngstu kynslóðinni, þ.e. listamönnum sem eru fæddir á sjöunda áratugnum og hafa nýlöklið listnámi. Titill sýningarinnar er fenginn úr því sem henni þótti gegnumgangandi andi í verkunum. Hversdagsleikinn og rómantíkin kemur m.a. fram í sterkri einstaklingshyggju og vangaveltum um það hvort hægt sé að vera einlægur í listinni í dag.

Meðvituð verk

„Þessi verk eru flest tilbúin í höfðinu á listmönnum áður en farið er að vinna þau, þetta eru mjög meðvituð verk. Frásögn er rík í verkunum og einskonar sviðsetningar eru áberandi o.s.frv. Innblástur sækja þau einnig í fyrri tíma og



Morgunblaðið/Sverrir

Á MEDAL verka á sýningunni Einskonar hversdagsrómantík er þessi bíll sem boðinn verður til kaups.

ef það er beint í myndlistarsöguna er það oft sett fram á kaldhæðinn og jafnvel gamansaman hátt.

Aðspurð sagði Auður að þrátt fyrir að fólk í hennar stöðu ætti ekki að vera í forspárlutverki þá hafi hún valið listamennina vegna þess að verk þeirra gæfu mynd af stöðu myndlistarinnar í dag, að hennar áliti, og því sem er í gerjun í íslenskum listheimi. „Mér finnst kyrrð ríkjandi í verkunum og svo virðist sem annar tímaskilningur sé ríkjandi heldur en til dæmis hjá þeim sem voru að glíma við nýja málverkið fyrir 10-15 árum og voru alltaf á síðasta augnablikinu, og heimurinn á hverfanda hveli,“ sagði Auður. Jafnframt sagði hún að í

dag væri ákveðin úrvinnsla á því sem hefur verið að gerast áberandi og vinnuferli verkanna væri dæmi um það. „Það er bjargföst skoðun mín að öll list, á hvaða tíma sem hún er gerð, sé alltaf úrvinnsla á því sem á undan er gengið og svo kalla menn þetta ýmsum nöfnum.“

Aðspurð sagði hún að þrátt fyrir kyrrðina og hversdagsleikann væri sýningin lifleg og skemmtileg og fegurðin væri orðin ríkur hluti í verkum myndlistarmanna dagsins í dag.

Að lokum var Auður spurð að því hvornig henni sem sýningarstjóra litist á að vera ábyrg fyrir sýningunni og hvornig til tækist. „Ég vona bara að það verði þann-

ig að ég verði skömmuð og krökkunum verði hrósað,“ sagði hún að lokum.

Einar Sveinsson

Yfirlitssýning á verkum Einars Sveinssonar arkitekts verður einnig opnuð á Kjarvalsstöðum í dag.

Einar Sveinsson fæddist árið 1906 og lærði byggingarlist í Darmstadt í Þýskalandi. Hann hóf rekstur eigin teiknistofu í Reykjavík árið 1932 og varð einn helsti boðberi og hugmyndafræðingur notagildisstefunnar í húsagerðarlist á Íslandi. Árið 1934 var hann ráðinn húsameistari ríkisins og gegndi hann því starfi til áviloka. Auk þess að gera uppdrætti af byggingum hafði Einar Sveinsson yfirumsjón með skipulagsmálum Reykjavíkur á árunum 1934 - 1949 og skipulagði ásamt samstarfsmönnum flest bæjarhverfi er byggðust upp á því tímabili, þ.a.m. Norður-mýri, Melahverfi, Hlíðarnar, Laugarneshverfi og Vogahverfi. Fyrsta byggingin sem Einar teiknaði á vegum bæjarins var elsti hluti Laugarnesskólans. Af öðrum opinberum verkum má nefna Melaskóla, Langholtsskóla, Heilsuverndarstöðina, Borgarspítalann, Vogaskóla og Sundlaugarnar í Laugardal. Af öðrum verkum má nefna fyrstu fjölbýlishúsin með nútíma sniði við Hringbraut, árið 1942, og fyrsta íbúðarháhyðið í Reykjavík.

Sýningararnar á Kjarvalsstöðum standa til 6. desember og eru opnar daglega frá kl. 10 - 18.